

Ár 2005, mánudaginn 21. nóvember, var í Héraðsdómi Austurlands í málinu nr. E-102/2004:

Þorleifur Hjaltason
gegn
íslenska ríkinu

kveðinn upp svohljóðandi

D Ó M U R:

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 5. apríl 2004 og dómtekið 24. október sl.

Stefnandi er Þorleifur Hjaltason, Hólum, Hornafirði.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, Arnarhváli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað stefnanda fyrir óbyggðanefnd, 1.883.648 krónur samkvæmt framlögðum reikningi, þó ekki undir 900.000 krónum sem óbyggðanefnd ákvað öðrum hæstaréttarlögmönnum í úrskurði nefndarinnar 14. nóvember 2003 í máli nr. 4/2003, Nes í sveitarfélaginu Hornafirði. Hann krefst einnig málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu auk málskostnaðar.

Máli þessu var upphaflega vísað frá dómi með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 6. maí 2005. Með dómi Hæstaréttar 13. júní 2005 í máli nr. 217/2005 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi að því er varðar kröfu stefnanda um að ríkissjóði verði gert að greiða málskostnað hans fyrir óbyggðanefnd og lagt fyrir héraðsdómara að taka þann þátt málsins til efnismeðferðar. Að öðru leyti en að framan greinir var hinn kærði úrskurður staðfestur. Af þessu tilefni var málið tekið til efnismeðferðar að nýju í héraði 24. október 2005. Fór aðalmeðferð málsins fram þann dag og var málið dómtekið að því loknu, eins og áður greinir.

I

Málsatvik

Atvik málsins eru ágreiningslaus. Óbyggðanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendna sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna, sbr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 65/2000, skal nefndin, að eigin frumkvæði, taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða hvaða landsvæði tekið er til meðferðar hverju sinni. Í 10. gr. laganna, eins og greininni var breytt með 4. gr. laga nr. 65/2000, eru nánari fyrirsmæli um málsmeðferð nefndarinnar, meðal annars þau að þegar nefndin hefur ákveðið að taka svæði til meðferðar ber henni að tilkynna fjármálaráðherra um það og veita honum minnst þriggja en mest sex mánaða frest til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu.

Með bréfi 13. júlí 2000 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar sveitarfélagið Hornafjörð í samræmi við 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæðið var nánar tiltekið afmarkað með vesturmörkum jarðarinnar Skaftafells í Öræfasveit og austurmörkum jarðanna Hvalsness, Víkur, Svínhóla, Reyðarár, Bæjar, Hlíðar og Stafafells. Til suðurs afmarkaðist svæðið af hafinu og til norðurs af tiltekinni línu á Vatnajökli. Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Lóni, Nesjum, Mýrum, Suðursveit og Öræfum í sveitarfélaginu Hornafirði bárust 13. desember 2000. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. janúar 2001, Morgunblaðinu 7. janúar og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan fjögurra mánaða.

Í júlí 2001 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í fimm aðskildum málum. Var í máli nr. 4/2001 fjallað um Nes í sveitarfélaginu Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu, þ.e. svæði sem afmarkast til vesturs af Mýrum, þar sem áður voru hreppamörk, og til austurs af Lóni, þar sem einnig voru hreppamörk áður. Til suðurs afmarkast svæðið af hafinu. Ekki er ástæða til að greina sérstaklega frá mörkum svæðisins til norðurs.

Málið var fyrst tekið fyrir af óbyggðanefnd 7. ágúst 2001. Stefnandi lýsti ekki kröfum fyrir nefndinni en gerðist aðili máls í kjölfar fyrirspurnar óbyggðanefndar 20. ágúst 2002 á grundvelli 2. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Með bréfi lögmanns stefnanda til óbyggðanefndar 28. ágúst 2002 var mótmælt kröfu ríkisins um þjóðlendu austan við línu sem liggur úr Skálatindi í Miðfellstind. Með því yrði raskað austurmörkum jarðarinnar Hóla, sem jafnframt er landamerkjalinna milli Nesja- og Lónssveita.

Vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegur málflutningur fór fram 12. til 13. september 2002. Málið var endurupptekið hinn 14. nóvember 2003 og lögð fram ný gögn en að því loknu tekið til úrskurðar að nýju. Úrskurður óbyggðanefndar nr. 4/2001 var kveðinn upp 14. nóvember 2003.

Samkvæmt gögnum máls setti stefnandi fram eftirgreindar kröfur fyrir óbyggðanefnd:

Að núverandi landamerki Hóla, sem lýst er af Þórunni Þorleifsdóttur í yfirlýsingu 8. maí 1885, verði staðfesti í einu og öllu. / Af lýst verði tafarlaust kvöð óbyggðanefndar á þinglýsingavottorði Hóla. / Ennfremur greiði íslenska ríkið hæfilegan málskostnað lögmanns stefnanda fyrir óbyggðanefnd samkvæmt mati óbyggðanefndar.

Í úrskurði óbyggðanefndar segir eftirfarandi um kröfugerð stefnda fyrir óbyggðanefnd:

Upphafleg kröfugerð íslenska ríkisins náði til lands sem samkvæmt landamerkjabréfi liggur innan landamerkja Hóla. Krafa var þó ekki höfð uppi af því tilefni af hálfu eiganda Hóla. Með hliðsjón af ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 ritaði óbyggðanefnd eiganda Hóla bréf, dags. 20. ágúst 2002, þar sem óskað var eftir því að hann upplýsti nefndina um það hvort hann teldi kröfugerð ríkisins ganga gegn eignarrétti sínum. Í kjölfar þess gerði eigandi Hóla kröfu um staðfestingu á landamerkjum Hóla samkvæmt landamerkjabréfi. [/] Við upphaf aðalmeðferðar kvaðst lögmaður íslenska ríkisins reiðubúinn að setta málið og fallast á það með eiganda Hóla að norðurmörk jarðarinnar fylgdu mörkum Nesja við Lón. Fram kom að lögmaðurinn teldi ekki vera um efnislegan ágreining að ræða heldur væri línán samkvæmt landamerkjabréfinu dregin með mismunandi hætti. Lögmaður eiganda Hóla hafnaði sáttum. [/] Óbyggðanefnd lítur svo á að með þessu hafi íslenska ríkið dregið umrædda kröfu til baka. Endanleg kröfugerð íslenska ríkisins snertir því ekki land sem samkvæmt landamerkjabréfi liggur innan landamerkja Hóla. Hólar koma því ekki sérstaklega til umfjöllunar í úrskurði þessum umfram það sem sjálfstæð rannsóknarskylda óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998, leiðir af sér nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

Síðar segir í úrskurði óbyggðanefndar:

Aðalmeðferð stóð dagana 12.-13. september 2002 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Fundað var í salarkynnum Hótel Hafnar, Hornafirði. Áður en forflutningur hófst voru sáttamöguleikar kannaðir að nýju, án árangurs. Fram kom þó að íslenska ríkið væri reiðubúið að fallast á kröfugerð eiganda Hóla um norðurmörk jarðarinnar. Á sáttarboð þetta var ekki fallist af hálfu eiganda Hóla. Að aðalmeðferð lokinni var málið tekið til úrskurðar.

Um endanlega kröfu stefnda fyrir óbyggðanefnd segir eftirfarandi í úrskurði óbyggðanefndar:

Við aðalmeðferð málsins kom fram að íslenska ríkið væri reiðubúið að setta málið hvað varðar þjóðlendukröfulínu yfir land sem samkvæmt kröfugerð eiganda Hóla liggur innan landamerkja og

fallast á það með eiganda jarðarinnar að norðurmörk hennar fylgi mörkum Nesja við Lón. Óbyggðanefnd lítur svo á að með þessu hafi íslenska ríkið dregið umrædda kröfu til baka. Endanleg þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins fylgi því mörkum Nesja við Lón frá þeim stað þar sem bein lína úr Skálatindi í Miðfellstind sker norðurmörk Hóla, samkvæmt kröfugerð eiganda jarðarinnar, í nefndan Miðfellstind.

Í úrskurði óbyggðanefndar er ekki vikið efnislega að jörðinni Hólum. Í niðurstöðum nefndarinnar um málskostnað segir hins vegar eftirfarandi:

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin jafnframt litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Við mat á kostnaði við hagsmunagæslu vegna jarðarinnar Hóla hefur nefndin enn fremur litið til þess að við upphaf aðalmeðferðar féll íslenska ríkið frá kröfu um þjóðlendu inn fyrir merki jarðarinnar. Lögmaður eiganda Hóla kaus engu að síður að taka áfram þátt í aðalmeðferð málsins. Verður því að teljast bæði sanngjarnt og eðlilegt að kostnað vegna þess þáttar beri umbjóðandi hans sjálfur.

Í úrskurðarorði óbyggðanefndar segir að allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmannna, hafi þegar verið greiddur. Þá kemur fram að þóknun Jóns Hjaltasonar hrl. sé ákveðin 300.000 krónur, en þóknun þriggja annarra nafngreindra lögmannna er ákveðin 900.000 krónur til handa hverjum og einum, er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Með hliðsjón af sakarefni málsins er ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir efni úrskurðar óbyggðanefndar.

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins.

II

Málsástæður og lagarök aðila

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á framlögðum reikningi að fjárhæð 1.883.648 krónur dags. 13. september 2002. Efnislega er reikningurinn sundurliðaður í málsflutningsþóknun að fjárhæð 1.425.000 krónur vegna 19 daga vinnu við málið fyrir óbyggðanefnd, útlagðan kostnað að fjárhæð 86.060 krónur vegna ferðakostnaðar og dagpeninga svo og virðisaukaskatt að fjárhæð 370.678 krónur. Hann vísar einnig til þess að ákvörðun málskostnaðar fyrir óbyggðanefnd hafi gengið gegn

jafnræðissjónarmiðum þar sem þóknun lögmanna annarra aðila hafi verið ákveðin 900.000 krónur.

Stefndi krefst sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda í málinu. Krafa þessi sé í tveimur liðum. Annars vegar sé krafist endurskoðunar á málskostnaðarákvörðun óbyggðanefndar vegna reksturs málsins þar. Hins vegar sé gerð almenn málskostnaðarkrafa vegna dómsmálsins eins og það væri ekki gjafsóknarmál. Um þennan þátt málskostnaðarkröfu stefnanda verði ekki frekar fjallað í greinargerð þessari og við það látið sitja að krefjast sýknu.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu á málskostnaði fyrir óbyggðanefnd að fjárhæð 1.883.648 krónur. Vísar hann til reiknings þar að lútandi en útskýrir á engan hátt þann reikning í stefnu.

Í úrskurði óbyggðanefndar á bls. 173 segir að kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknun lögmanna, hafi þegar verið greiddur. Síðan er þóknun lögmanna málsaðila ákvörðuð og í hlut lögmans stefnanda kom 300.000 kr. Í málskostnaðarkröfu stefnanda felist krafa um vangreiddan útlagðan kostnað. Stefnandi gefi enga skýringu á því hvers vegna þessi krafa sé gerð. Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar sé allur útlagður kostnaður greiddur að fullu og þegar af þeirri ástæðu verði að mótmæla þessum kröfuleið stefnanda.

Í 1. mgr. 17. gr. þjóðlendlaga segir, að auk kostnaðar við rekstur óbyggðanefndar skuli greiða úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Í 2. mgr. lagagreinarinnar segi að óbyggðanefnd úrskurði um kröfur aðila vegna kostnaðar samkvæmt 1. grein. Við mat á kostnaði skuli enn fremur litið til þess hvað telja meggi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli. Í 3. mgr. segi síðan að nefndinni sé heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað gefa tilefni til slíks.

Ekki sé annað að ráða af úrskurði óbyggðanefndar en að málskostnaðarákvörðun nefndarinnar hafi verið málefnaleg. Ákvörðun sé byggð á þekkingu úrskurðaraðila á rekstri viðkomandi máls og væntanlega þeim tíma sem nefndin áætli að lögmenn hagsmunaaðila hafi lagt í málið miðað við umfang þess. Úrskurðaraðilar verði og að leggja mat á sanngjarnt og eðlilegt endurgjald miðað við þær lagaforsendur sem byggja verði á. Að mati stefnda hafi óbyggðanefnd augljóslega uppfyllt öll þessi skilyrði á málefnalegan hátt.

Stefndi bendir á að við túlkun á 17. gr. þjóðlendlaga verði að líta til þess að óbyggðanefnd var bundin við lög við ákvörðun sína um kostnað vegna hagsmunagæslu. Það var aðilum og lögmönnum þeirra ljóst. Stefnandi mátti því vita að hann ætti ekki lögvarða kröfu til þess að einhliða framsetning af hans hálfu á

kostnaði, tímagjaldi eða tímafjölda yrði lagður til grundvallar. Líta beri til þess að nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni falli undir þann kostnað vegna starfa óbyggðanefndar sem greiddur sé úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Átti nefndin úrskurðarvald þar um samkvæmt 2. mgr. 17. gr., svo sem stefnanda var ljóst. Í öðru lagi verði að túlka orð laganna um „nauðsynlegan kostnað“ þröngt, þannig að hann hafi verið óhjákvæmilegur og að því leyti háður mati nefndarinnar í einstökum tilvikum. Í þriðja lagi séu í 2. mgr. 17. gr. matsreglur, bæði um þá aðstöðu að fleiri hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna, og að líta beri sérstaklega til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli. Í fjórða lagi sé heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji nefndin málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks. Stefndi telur að ákvörðun óbyggðanefndar hafi verið í samræmi við 17. gr. laga nr. 58/1998. Engin tilefni séu til að endurskoða ákvörðun nefndarinnar þar sem stefnandi hafi ekki sannað að hún hafi verið ósanngjörn.

Það sé skoðun stefnda að hafi stefnandi greitt hærri reikninga fyrir hagsmunagæslu sína fyrir óbyggðanefnd, án þess að bíða úrskurðar óbyggðanefndar eða að koma þeim á framfæri við nefndina, verði það að skoðast á eigin ábyrgð stefnanda sjálfs.

Í málatilbúnaði stefnanda hafi engin rök verið færð fyrir þeirri fullyrðingu að málskostnaðarákvörðun óbyggðanefndar sé hvorki sanngjörn né eðlileg. Ekki hafi stefnandi heldur sýnt fram á, að óbyggðanefnd hafi hafnað greiðslu á tilteknum útlögðum kostnaði sem nefndin hefði átt að samþykkja en hafi ekki gert. Það sé hlutverk stefnanda að sýna fram á, að á sér hafi verið brotið, telji hann svo vera. Það hafi hann ekki gert að mati stefnda. Stefnandi þurfi líka að sýna fram á að hann hafi verið krafinn um þá fjárhæð sem hann gerir kröfu til og líka að hann hafi greitt hana. Það hefur hann heldur ekki gert. Af öllu þessu leiðir að sýkna ber stefnda af þessum kröfulið.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2000, úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur annarra en ríkisins vegna kostnaðar við hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Við mat á því hvort um nauðsynlegan kostnað hafi verið að ræða er nefndinni heimilt að líta til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Í málsgreininni segir einnig að við

mat á fjárhæð kostnaðar skuli enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli. Í 3. mgr. greinarinnar segir að nefndinni sé heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks.

Skilja verður framangreindan úrskurð óbyggðanefndar á þá leið að nefndin hafi talið heimilt með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 að láta stefnanda bera málskostnað sinn að nokkru sjálfan með hliðsjón af málatilbúnaði hans. Virðist nefndin þá fyrst og fremst hafa litið til þess að við upphaf aðalmeðferðar fyrir nefndinni féll stefndi frá kröfu um þjóðlendu inn fyrir merki jarðarinnar Hóla í Nesjum. Hafi því verið ónógt tilefni fyrir stefnanda að taka þátt í aðalmeðferð málsins sem samanstóð af forflutningi, vettvangsgöngu, skýrslutöku og munnlegun flutningi.

Dómurinn fellst á það með óbyggðanefnd að eftir að stefndi hafði fallist á sjónarmið stefnanda fyrir óbyggðanefnd hafi verið ástæðulaust af hans hálfu að taka þátt í frekari meðferð málsins. Verður stefnandi því að bera sjálfur kostnað af því að taka þátt í aðalmeðferð málsins dagana 12. og 13. september 2002, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Á hitt er að líta að hin breytta afstaða stefnda til afmörkunar þjóðlendulínu, að því er varðaði jörðina Hóla, kom fyrst fram í upphafi aðalmeðferðar 12. september 2002. Hafði stefnandi því tilefni til að taka til varna fyrir nefndinni, afla gagna og leggja þau fram og undirbúa sig undir aðalmeðferð málsins. Verður því talið að lögmaður stefnanda, Jón Hjaltason hrl., hafi haft réttmæta ástæðu til að undirbúa sig undir aðalmeðferð og vera viðstaddur þegar hún hófst 12. september 2002. Að þessu virtu telur dómurinn að sá munur sem gerður er á þóknun nefnds lögmanns og annarra lögmannna sem sinntu hagsmunagæslu fyrir landeigendur vegna umrædds úrskurðar óbyggðanefndar sé óeðlilegur. Að þessu virtu, svo og að teknu tilliti til umfangs málsins fyrir óbyggðanefnd, verður þóknun umrædds lögmanns talin hæfilega ákveðin 750.000 krónur. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda útlagðan kostnað hans samkvæmt reikningi til óbyggðanefndar 13. september 2002 að fjárhæð 86.060 krónur. Með úrskurði óbyggðanefndar hefur stefnanda þegar verið ákveðin greiðsla að fjárhæð 300.000 krónur. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda alls 536.060 krónur. Ekki hefur verið gerð krafa um vexti eða dráttarvexti á málskostnað stefnanda fyrir óbyggðanefnd.

Stefnandi fékk útgefið leyfi til gjafsóknar við meðferð málsins í héraði 19. febrúar 2004. Með hliðsjón af því að stefndi í málinu er íslenska ríkið þykir ekki ástæða til að dæma stefnda sérstaklega til að greiða málskostnað stefnanda.

Það er meginregla við ákvörðun málskostnaðar samkvæmt 129. gr. laga nr. 91/1991 að taka tillit til umfangs máls. Aðili sem vinnur mál getur þannig ekki vænst þess að fá dæmdan málskostnað sem stofnað hefur verið til að þarflausu eða án tilefnis, sbr. 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991. Þessi sjónarmið eiga við ákvörðun

kostnaðar fyrir flutning máls, sbr. a-lið 129. gr. laga nr. 91/1991, m.a. þegar þóknun umboðsmanns gjafsóknarhafa samkvæmt 2. mgr. 127. gr. er ákveðin.

Samkvæmt málskostnaðaryfirliti hefur lögmaður stefnanda innt af hendi alls 1.254 vinnustundir vegna meðferðar málsins fyrir héraðsdómi. Að mati dómsins er þessi fjöldi vinnustunda langt úr hófi miðað við umfang málsins. Þá koma fram í málskostnaðaryfirliti kostnaðarliðir vegna kæru á úrskurði héraðsdóms 6. maí 2005 til Hæstaréttar sem ekki er heimilt að taka til. Samkvæmt framangreindu verður málskostnaðaryfirlit stefnanda ekki lagt til grundvallar við ákvörðun á þóknun lögmanns hans, Jóns Hjaltasonar hrl. Verður þóknun hans ákveðin eftir umfangi málsins og þykir hún hæfilega ákveðin 200.000 krónur og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar á meðal framangreind þóknun lögmanns hans, greiðist úr ríkissjóði í samræmi við 127. gr. laga nr. 91/1991. Er með þessu ekki tekin nein afstaða til upplýsinga stefnanda um útlagðan kostnað hans.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Hjaltason hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Skarphéðinn Þórisson hrl.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan sem dómsformaður ásamt Hervöru Þorvaldsdóttur og Skúli Magnússyni héraðsdómurum.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Þorleifi Hjaltasyni, 536.060 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans Jóns Hjaltasonar hrl. að fjárhæð 200.000 krónur.

Eggert Óskarsson

Hervör Þorvaldsdóttir

Skúli Magnússon

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 21. nóvember 2005.

Gjald 1.200 krónur

Greitt:

**ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK
HÉRAÐSDÓMS AUSTURLANDS**

Mál nr. E-102/2004:

Þorleifur Hjaltason

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

íslenska ríkinu.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Dómur 21. nóvember 2005.

EÓ HÞ SM